

Starfsreglur um kirkjuþing.

Kirkjuþing.

1. gr.

Kirkjuþing hefur æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar, þar með talið fjárstjórnarvald, nema lög kveði á um annað.

Kirkjuþing markar stefnu þjóðkirkjunnar í sameiginlegum málefnum hennar, öðrum en þeim sem lúta að kenningu kirkjunnar.

Kosið skal til kirkjuþings leynilegri kosningu til fjögurra ára í senn. Á kirkjuþingi eiga sæti 29 fulltrúar, 17 leikmenn og 12 vígðir.

Kirkjuþing kýs þingforseta úr röðum leikmanna þingsins og tvo varaforseta með sama hætti. Saman mynda þeir forsætisnefnd þingsins. Forseti kirkjuþings boðar til þingsins.

Verkefni kirkjuþings.

2. gr.

Kirkjuþing setur starfsreglur um málefni þjóðkirkjunnar, þar á meðal um skipulag kirkjuþings, svo sem kjör til þess, kjördæmaskipan, fjölda kirkjuþingsfulltrúa, þingsköp og verkefni þingsins. Enn fremur samþykkir kirkjuþing ályktanir og samþykktir um málefni þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing hefur að jafnaði frumkvæði að frumvörpum til laga um málefni þjóðkirkjunnar og leggur til við ráðherra kirkjumála að þau verði flutt á Alþingi.

Kirkjuþing veitir umsögn og gerir tillögur um lagafrumvörp ráðherra kirkjumála um kirkjuleg málefni sem hann hyggst flytja á Alþingi.

Kirkjuþing ábyrgist rekstur og fjármál þjóðkirkjunnar, nema starfsreglur þingsins kveði á um annað.

Forseti kirkjuþings.

3. gr.

Forseti kirkjuþings ber ábyrgð á starfsemi og rekstri þingsins og hefur æðsta vald í stjórnarsýslu þess, eftir því sem kirkjuþing mælir nánar um.

Forseti undirbýr þinghald kirkjuþings í samráði við forsætisnefnd og stýrir störfum þingsins skv. gildandi starfsreglum um þingsköp kirkjuþings hverju sinni.

Forseti gætir þess, í samvinnu við framkvæmdanefnd kirkjuþings, að starfsreglum, ályktunum og öðrum samþykktum kirkjuþings sé fylgt eftir og að þær séu endurskoðaðar eftir þörfum.

Forseti kirkjuþings skal birta starfsreglur, samþykktir og ályktanir kirkjuþings á opnum vef kirkjunnar innan fjögurra vikna frá samþykkt þeirra.

Við birtingu starfsreglna og ályktana kirkjuþings má ekkert undan fella sem þar á að standa og fram hefur komið á þinginu og hljóðupptaka ber með sér. Engar efnisbreytingar má gera nema leiðrétta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur sem telst sjálfsgöð leiðrétting.

Óski aukinn meiri hluti þingfulltrúa, þ.e. 2/3 hlutar, eftir því, meðan á kjörtímabili stendur, að kosið verði að nýju til forseta kirkjuþings skulu kosningar til þingforseta fara fram.

Framkvæmdanefnd kirkjuþings.

4. gr.

Kirkjuþing kýs þrjá fulltrúa og þrjá til vara í framkvæmdanefnd kirkjuþings til eins árs í senn. Skal nefndin kjörin á haustfundi kirkjuþings. Nefndin starfar í umboði þingsins, sem setur nefndinni erindisbréf. Tveir fulltrúar skulu koma úr hópi leikmanna og einn úr hópi vígðra; sama gildir um varamenn.

Nefndin hefur eftirlit með fjárhag og rekstri þjóðkirkjunnar og að ákvörðunum og áætlunum samþykktum af kirkjuþingi sé fylgt eftir.

Aðsetur kirkjuþings.

5. gr.

Kirkjuþing hefur aðsetur á rekstrarstofu þjóðkirkjunnar. Rekstrarstofa veitir forseta þingsins og kirkjuþingsfulltrúum alla nauðsynlega þjónustu og þá aðstoð sem þörf krefur. Forseti, í samráði við framkvæmdastjóra rekstrarstofu, ræður starfsfólk kirkjuþings í samræmi við gildandi fjárheimildir hverju sinni.

Þingfararkaup, ferða- og dvalarkostnaður.

6. gr.

Kirkjuþingsfulltrúar og aðrir sem seturétt eiga á þinginu fá þingfararkaup fyrir hvern dag sem þingið situr.

Ef varamaður er kvaddur til skal hann fá þingfararkaup fyrir hvern dag sem hann situr kirkjuþing en greiðsla til aðalmanns fellur brott sama tíma.

Þóknananefnd ákveður laun kirkjuþingsfulltrúa.

7. gr.

Kirkjuþingsfulltrúar sem eiga lengri leið til og frá þingstað en 50 km fá greiddan akstur fram og til baka eða leigubílakostnað eða flugfargjald eftir því hver ferðamátinn er hagkvæmari.

Forsætisnefnd kirkjuþings sker úr ágreiningi sem upp kann að koma um þetta efni.

8. gr

Kirkjuþingsfulltrúar fá greidda hálfa fæðispeninga, ef ekki er boðið upp á kvöldverð á kirkjuþinginu. Enn fremur fá þingfulltrúar greidda hálfa fæðispeninga vegna aksturs til og frá þingstað vari akstur þingsmanns lengur en sex klukkustundir.

Kirkjuþingsfulltrúar fá greiddan sanngjarnan gistikostnað, þar sem það á við.

Greiðslur samkvæmt 1. og 2. mgr. miðast við gildandi ákvarðanir ferðakostnaðarnefndar ríkisins, sbr. auglýsingar nefndarinnar á vef stjórnarráðsins.

Gildistaka.

9. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi 1. janúar 2022. Frá sama tíma falla brott starfsreglur um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009, með síðari breytingum.

Samþykkt á kirkjuþingi 23. nóvember 2021